

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08	Fatasaumur – snið FAT203	
Dags.: 30.08.2011	Kennsluáætlun haustönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is **Sk.stöfun** **SÓL**
Viðtalstími: Fimmtudagur 11:25 - 12:05

Áfangalýsing:

Að nemendur læri að teikna grunnsnið. Lögð er áhersla á útfærslu eigin hugmynda út frá grunnsniðum og sniðútfærslum í minni skala. Nemendur læra mikilvæga grunnvinnu sem er fógin í að teikna snið, sauma prufuflíkur, máta á gínu og gera sniðbreytingar. Mikilvægt er að nemandinn þroski og þrói með sér tilfinningu fyrir formi, litum, eftirnum og notagildi. Að nemendur öðlist færni í að vinna og þroa eigin hugmyndir í fatagerð.

Kennslumarkmið:

Við lok áfangans er stefnt að því að nemandinn:

- skilji skýringa og leiðbeiningartexta og skilji skýringarmyndir
- hafi náð tökum á orðaforða greinarinnar
- hafi þjálfað skapandi og sjálfstæð vinnubrögð
- kunni að taka mál og máta
- viti hvaða vefjarefni henta í mismunandi fatnað
- geti unnið prufuflíkur á gínu, lagfært og skráð breytingar
- kunni að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í $\frac{1}{4}$ stærð grunnsniða
- kunni að yfirfæra sniðútfærslur í minni skala í fulla stærð

Námsmat	Lýsing Vægi	
Vinnubók	Vinnubók með sniðteikningum	20%
Flíkur	Hugmyndavinna, útfærsla á sniðum, prufusaumur og flíkur (prufuflík 25% fullunnin flík í efni 35%)	60%
Ástundun	Vinna í tínum, kennari fylgist með vinnubrögðum	15%
Mæting		5%

Í lok annar skilar nemendi vinnubók og flíkum. Þau verk sem ekki er náð í á prófsýnidag eru geymd í eitt ár en síðan er þeim fargað.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	Fatasaumur – snið FAT203	
Samþykkt:SHJ	Kennsluáætlun haustönn 2012	
Síða 2 af 2		

Vika Námsefni (verklegur hluti) verkefni

- 34 Inngangur að sniðteikningu. Uppsetning bókar, upplýsingar og ráðleggingar. Heppilegur útbúnaður. Skammstafanir, orða og merkjaútskýringar. Byrjað að teikna í $\frac{1}{4}$ skyrta.
- 35-37 Grunnsnið teiknuð í $\frac{1}{4}$ skyrta, pils, buxur, bolur sportlegur jakki og stakur jakki.
- 38 Tískublöð skoðuð, nemendur skrá hugmyndir í formi skissuvinnu og tískuteiknunar í hugmyndabækur. Frjáls verkefni í samráði við kennara. (tvær flikur)
- 39-40 Byrjað að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í $\frac{1}{4}$ stærð grunnsniða. (tvær útfærslur)
- 41-43 Sniðútfærslur yfirfærðar í fulla stærð. Sniðið í prufuefni og mátað á gínu, breytingar skráðar
- 44-47 Ein sniðútfærsla sniðin í efni sem nemendur kaupa. Flík fullkláruð og kynning á verkefnum í lokin.
- 48 Frágangur. Nemendur undirbúa opið hús sem verður 29. nóv.

Athugið: Með vikunúmerum er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Tegund Námsgögn

- Bækur Snið og sniðteikningar, kvenfatnaður. 1999 IÐNÚ, bókaútgafa Reykjavík (fæst á skrifstofu VMA)
Höf. Öberg og Ersman, þýð. Ásdís Jóelsdóttir
- Tímarit Tískublöð í eigu skólans í stofu G11.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils